
LISTIR



Morgunblaðið/Jim Smart

Þór Magnúss Kapor á leið með eitt verka sinna inn í Gerðuberg.

Olíupastelmyndir í Gerðubergi

ÞÓR Magnúss Kapor opnar sýningu á myndum máluðum með olíupastellitum í dag, föstudag, kl. 16 í Félagsstarfinu í Gerðubergi. Þór Magnúss er fæddur í Split í Króatíu og hét Boro þar til að hann varð íslenskur ríkisborgari og ákvað að taka sér einnig íslenskt nafn, segir í fréttatilkynningu.

Eftir gagnfræðaskóla fór hann í listaskólann í Zagreb og lauk námi í listmálun og lagfæringum á gömlum listaverkum. Hann hefur unnið að list sinni í 20 ár og haldið sýningar í Króatíu, í Austurríki, á Ítalíu, í Þýskalandi og í Hollandi.

Hann kom til Íslands árið 1992 og vinur hans sagði honum að fallegasti hluti landsins væri Austurland. Flutti hann þá frá Keflavík til Vopnafjarðar. Í framhaldi af þeim hughrifum byrjaði Þór Magnúss að mála íslenskar landslagsmyndir, sem hann hafði ekki gert áður.

Við opnunina mun Gerðubergskórinn syngja undir stjórn Kára Friðrikssonar, við harmónikkuundirleik Benedikts Egilssonar og píanóundirleik Unnar Eyfells. Einnig verður Vinabandið með hljóðfæraleik og söng.

Sýningin stendur til 21. maí og er opin alla virka daga frá kl. 9-17, en hægt verður að skoða sýninguna utan venjulegs opnunartíma í samráði við starfsfólk.


Maður um mann

MYNDLIST

Ásmundarsafn

STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR HÖGGMYNDIR

Safnið er opið frá 13 til 18 og sýningin stendur til 14. maí.



Ljósmynd/Jón Proppé.

Svipmynd af sýningunni í Ásmundarsafni.

EINMENNINGSSÖFN eru nokkur hér á Íslandi eins og annars staðar, söfn sem aðeins sýna verk eins listamanns og eru rekin til þess fyrst og fremst að halda minningu hans á lofti og tryggja fólki aðgang að verkum hans. Gallinn við söfn af þessu tagi er að starfsemin þar getur orðið helst til einhæf og ekki er heldur við því að búast að gestir komi aftur og aftur til að skoða sömu verkin eða verk sama listamannsins. Til að leysa úr þessu hefur verið brugðið á það ráð í Ásmundarsafni í Laugardal – einmenningssafni sem helgað er list Ásmundar Sveinssonar höggmyndalistamanns – að bjóða núlifandi listamönnum að sýna verk sín innan um verk Ásmundar, í eins konar samræðu við hann. Að þessu sinni sýnir þar Steinunn Þórarinsdóttir og er sýning hennar líklega róttækasta tilraunin sem gerð hefur verið fram að þessu til að byggja upp slíka samræðu.

Steinunn hefur oftast í verkum sínum fengist við mannslíkamann og á síðustu sýningu sinni hér á landi, í Listasafni ASÍ, sýndi hún myndir af manneskjum í fullri stærð, steyptar í ál eða járn, sem ýmist stóðu á gólfi eða teygðu sig út frá veggjum líkt og þær væru að reyna að hefja sig til flugs.

Myndirnar í Ásmundarsafni eru af svipuðum toga: Stórar mannmyndir sem standa eða sitja á gólfi, eða eru líkt og hálfgrafnar í veggina. Yfirbragð þessara verka er rólegt og þögult og líkamshollningin oft þannig að maður skynjar langa bið þar sem styttan stendur hokin, þolinmóð og tímalaus í safninu.

Þrátt fyrir þessa hógværu framsetningu virkja myndirnar mikið rými og þurfa gott pláss í sölunum.

Við uppsetningu á sýningunni hefur verið tekið mið af rýmisþörf verkanna og færri myndir settar upp en oft áður í safninu. Til að tengja saman verk Steinunnar og Ásmundar hefur verkunum líka verið raðað þannig að uppsetningin á myndum þess síðarnefnda endurspeglar þemu úr verkum hins listamannsins. Þannig hefur til dæmis brjóstmyndum Ásmundar á einum stað verið stillt upp í tvöfalda röð hverri gegnt hinni svo myndirnar líkt og horfast í augu. Til að undirstrika enn frekar tengsl þessara tveggja listamanna hafa einungis verið valdar á sýninguna mannamyndir eftir Ásmund.

Hér hefur með öðrum orðum verið gengið rækilega út fyrir hinn hefðbundna ramma einmenningssafnsins, virðulega gamaldags uppsetningu og rólegt umhverfi sem krefst ekki mikillar umhugsunar af áhorfandanum. Það má jafnvel segja að verk Ásmundar séu hér notuð sem efniviður í eins konar innsetningu sem fyrst og fremst tekur mið af þeim formræna og hugmyndalega ramma sem Steinunn hefur þróað í verkum sínum og sýningum. Sumum kann að þykja hér of langt gengið en það er ekki nema sjálfsagt að við spyrjum okkur hvort listamanni á borð við Ásmund sé nokkur greiði gerður með því að múra verk hans í safni honum til heiðurs og sýna aðeins með aðferðum sem þegar voru orðnar hefðbundnar undir lok nítjándu aldar. Er ekki nær að spegla þau í verkum og viðhorfum yngri listamanna og kanna þar með á þeim nýja fleti, endurnýja þau í samhengi við síðari tíma þróun? Þegar listaverk hætta að vera viðfangsefni í lifandi og skapandi umræðu breytast þau í forngripi. Það væri synd ef svo færi fyrir verkum jafn dugmikils og leitandi listamanns og Ásmundur Sveinsson var.

Um verk Steinunnar á sýningunni er auðvitað gott eitt að segja. Hún hefur á undanförnum árum vaxið mjög í list sinni og vinnur af miklu öryggi og hefur greinilega skýra sýn á verkefni sín. Hún notar mannslíkamann á afar sérstakan hátt í verkum sínum; líkaminn sjálfur er ekki viðfangsefnið heldur er hann verkfæri til að túlka örlög mananna, vonir þeirra og þrár.

Yfirbragðið á uppstillingum hennar er alltaf fágað og kyrrlátt en undir búa heitar tilfinningar og þrár. Verkin njóta sín afar vel í fallegum sýningarsölum Ásmundarsafns og í samspilinu við myndir hins látna höggmyndameistara.

Jón Proppé

Einleikaraprófí Salnum



Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir



Daði Sverrisson

SEINNI hluti einleikaraprófs Steinunnar Arnbjargar Stefánsdóttur sellóleikara frá Tónlistarskólanum í Reykjavík verður í Salnum á morgun, laugardag, kl. 20.30. Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur með á píanó.

Flutt verður Svíta nr. 5 í c-moll fyrir einleiksselló eftir J.S. Bach, Myndir á þili (1992), fjórir þættir fyrir selló og píanó eftir Jón Nordal, Lied ohne Worte op. 109 (posth.) fyrir selló og píanó eftir Felix Mendelssohn og Sónata í C-dúr op. 119 fyrir selló og píanó eftir S. Prokofieff.

Þá verður seinni hluti einleikaraprófs Daða Sverrissonar píanóleikara frá skólanum sunnudaginn 9. apríl kl. 17.

Á efnisskrá eru: Prelúdía og fúga nr. 1 í C-dúr eftir J.S. Bach, Intermezzo í es-moll op. 118 nr. 6 eftir Johannes Brahms, Sónata í Es-dúr op. 81a eftir L. van Beethoven, Jeux deau eftir Maurice Ravel, Prélude eftir Olivier Messiaen og

Noktúrna í cís-moll, op. posth. og Scherzo nr. 2 í b-moll op. 31 eftir Frédéric Chopin.



VIÐSKIPTATÆKIFÆRI ALDARINNAR!
www.earnfastnow.com
LÁTTU DRAUMA ÞÍNA RÆTAST!